

Mánaðaryfirlit  
**2017**



**Nóvember**





# Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 er fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni sem er ekki lokið og er gert ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár. Nú er gefið út yfirlit fyrir ellefu mánuði ársins 2017 í nýrri framsetningu en þetta yfirlit verður áfram í þróun eftir því sem innleiðingunni vindur fram til að það þjóni hlutverki sínu sem best.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu
- Lánayfirlit

**Mánaðaryfirlit ríkissjóðs** fyrir janúar - nóvember 2017 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlíð, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Jafnframt er búið að taka tillit til fluttrar fjárheimildastöðu frá fyrra ári og kemur hún að fullu inn í byrjun árs en er ekki dreift yfir árið. Ónýttar fjárveitingar nema nettó samtals 19,6 milljörðum króna. Ljóst er að einhverjir fjárlagaliðir gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárveitingar frá fyrra árum og aðrar gera ráð fyrir að greiða upp halla.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja ekki fyrir en í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að færa upp varanlega rekstrarfjármuni og orlofsskuldbindingu. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni hjá

um 200 stofnunum og byrjað að gjaldfæra afskriftir á eldri eignum. Ekki er búið að færa inn stærri eignir ríkissjóðs og er unnið að endurmati þessara eigna. Ekki er farið að færa eignarhluti í félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að reikningsskilin verði að fullu í samræmi við lög um opinber fjármál fyrir en í lok árs 2019. Þó má gera ráð fyrir að stór hluti verði inni í ríkisreikning fyrir árið 2017 í samræmi við innleiðingaráætlun og skilgreindar reikningsskilaaðferðir. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu en ekki er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna í þeim yfirlitum sem hér eru birt nema að takmörkuðu leyti.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 48,3 ma.kr. samanborið áætlun upp á neikvæðan tekjujöfnuð að upphæð 3,2 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 691,0 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 654,0 ma.kr. og voru því 36,9 ma.kr. hærrí. Mest munar þar um tekjur af virðisaukaskatti sem var 12,8 ma.kr. hærrí en áætlanir höfðu gert ráð fyrir, tekjuskatt einstaklinga sem var 6,2 ma.kr. yfir áætlunum og skatta af fjármagnstekjum sem voru 4,7 ma.kr. hærrí. Á móti var tekjuskattur lögaðila 2,2 ma.kr. undir áætlunum. Tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu og rekstrartekjur stofnana voru samtals 12,2 ma.kr. hærrí en áætlað hafði verið en rekstrartekjur stofnana eru að töluverðu leyti innbyrðisfærslur og eiga sér þá móttæfslu á gjaldahlíð. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 625,4 ma.kr. á meðan heildarfjárheimildir tímabilsins námu 628,1 ma.kr. og voru þau því 2,7 ma.kr. innan heimilda. Af þessum heimildum voru 19,6 ma.kr. hreinar ónýttar fjárveitingar frá fyrra ári og útgjöld tímabilsins því um 16,9 ma.kr. hærrí en áætlun fjárlaga. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu nettó 17,3 ma.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessi tala næmi um 29,1 ma.kr. og staðan því 11,8 ma.kr. betri. Frávik skýrast annars vegar með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni og hins vegar með arðgreiðslum og tekjum frá ríkisfyrirtækjum sem eru verulega hærrí en gert hafði verið ráð fyrir.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 73,3 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 745,8 ma.kr. og útstreymi 672,5 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 49,7 ma.kr. þar sem greiddar afborganir af langtímakröfum námu 57,1 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 251,9 ma.kr. þar sem afborganir af langtímaskuldum námu 259,1 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 129,9 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á útgjöld að frádregnum tekjum stofnana. Niðurstaða þessa yfirlits er að útgjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 637,0 ma.kr. samanborið við áætlun að fjárhæð 648,5 ma.kr. og eru því um 11,4 ma.kr. lægri en áætlanir. Þegar fjárveitingar frá fyrra ári eru teknar út eru útgjöldin samtals 8,2 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga. Mest munar um stöðu á málefnasvið 33, Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar sem er 4,6 ma.kr. yfir áætlunum sem skýrist að mestu með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni. Frávik annarra málefnasviða eru töluvert minni. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan hagræna skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2017



### Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tekjur</b>			
Skatttekjur .....	549.263	520.768	28.495
Tryggingagjöld .....	80.569	82.031	-1.462
Fjárframlög .....	302	3.616	-3.314
Aðrar tekjur .....	60.817	47.587	13.230
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>690.951</b>	<b>654.002</b>	<b>36.949</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	190.097	184.158	5.938
Framlög og tilfærslur .....	267.449	269.752	-2.304
Annar rekstrarkostnaður .....	164.694	169.676	-4.982
Afskriftir .....	3.138	4.482	-1.344
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>625.377</b>	<b>628.069</b>	<b>-2.691</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>65.573</b>	<b>25.933</b>	<b>39.640</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur .....	47.049	31.835	15.214
Vaxtagjöld og verðbætur .....	64.367	60.962	-3.406
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....</b>	<b>-17.318</b>	<b>-29.126</b>	<b>11.808</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>48.255</b>	<b>-3.193</b>	<b>51.448</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - nóvember 2017

### Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

Raun

#### Handbært fé frá rekstri

<b>Innheimta</b> .....	<b>745.798</b>
Skatttekjur .....	549.263
Tryggingagjöld .....	80.569
Aðrar tekjur .....	61.120
Vaxtatekjur .....	47.049
Birgðabreyting .....	-135
Viðskiptakröfur, breyting .....	7.933

<b>Greiðslur</b> .....	<b>-672.490</b>
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar .....	-354.791
Fjármagnskostnaður .....	-64.367
Framlög og tilfærslur .....	-267.449
Viðskiptaskuldir, breyting .....	14.117

**Handbært fé frá rekstri samtals** ..... **73.308**

#### Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting .....	-5.105
Veitt löng lán .....	-1.824
Afborganir af langtímakröfum .....	57.146
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum .....	-529
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b> .....	<b>49.687</b>

#### Fjármögnunarhreyfingar

Skammtímaskuldir, nettó .....	-33.414
Langtímaskuldir .....	40.592
Afborganir af langtímaskuldum .....	-259.072
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	<b>-251.894</b>

**Breyting á handbæru fé** ..... **-128.899**

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - nóvember 2017

### Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld .....</b>	<b>629.831</b>	<b>602.512</b>	<b>27.319</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað .....</b>	<b>240.347</b>	<b>231.732</b>	<b>8.615</b>
Tekjuskattur, einstaklingar .....	149.438	143.276	6.162
Tekjuskattur, lögaðilar .....	57.396	59.645	-2.249
Skattur á fjármagnstekjur .....	33.513	28.811	4.702
<b>Skattar á launagr. og vinnuafll .....</b>	<b>7.378</b>	<b>7.193</b>	<b>185</b>
Fjársýsluskattur .....	2.831	2.772	59
Annað .....	4.547	4.421	126
<b>Eignarskattar .....</b>	<b>8.570</b>	<b>7.509</b>	<b>1.061</b>
Stimpilgjöld .....	4.108	4.405	-297
Erfðafjárskattur .....	3.535	2.609	926
Aðrir eignarskattar .....	926	495	431
<b>Skattar á vöru og þjónustu .....</b>	<b>276.931</b>	<b>261.949</b>	<b>14.982</b>
Virðisaukaskattur .....	200.513	187.705	12.808
Vörugjöld af ökutækjum .....	9.016	7.401	1.615
Vörugjöld af bensíni .....	11.748	12.092	-345
Olíugjald .....	10.127	9.227	900
Kolefnisgjald .....	3.486	3.553	-67
Áfengisgjald .....	16.085	15.744	341
Tóbaksgjald .....	5.618	6.126	-508
Vörugjald, umhverfisskattar .....	3.874	3.406	468
Önnur vörugjöld .....	844	1.680	-836
Sértækir þjónustuskattar .....	5.229	5.100	129
Bifreiðagjald .....	7.211	7.144	67
Aðrir neyslu og leyfisskattar .....	3.180	2.770	411
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....</b>	<b>4.193</b>	<b>2.457</b>	<b>1.736</b>
<b>Aðrir skattar .....</b>	<b>11.844</b>	<b>9.641</b>	<b>2.202</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra .....	2.170	2.109	61
Útvarpsgjald .....	3.886	3.670	215
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	4.281	2.248	2.032
Ýmsir skattar á atvinnurekstur .....	1.507	1.614	-107



Allar tölur eru í millj.kr.

	<b>Raun</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Frávik</b>
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>80.569</b>	<b>82.031</b>	<b>-1.462</b>
Tryggingagjald almennt .....	54.635	55.952	-1.317
Fæðingaorlofssjóður .....	8.081	8.176	-95
Atvinnutryggingagjald .....	17.011	16.991	21
Önnur tryggingagjöld .....	842	912	-70
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>302</b>	<b>3.903</b>	<b>-3.601</b>
<b>Fjármagnstekjur</b> .....	<b>47.049</b>	<b>31.835</b>	<b>15.214</b>
Dráttarvextir af skatttekjum .....	4.290	4.217	73
Aðrar vaxtatekjur .....	4.820	10.084	-5.264
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum .....	37.939	17.534	20.404
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>14.819</b>	<b>23.640</b>	<b>-8.821</b>
Veiðigjald .....	4.611	4.798	-187
Leigutekjur .....	158	7.510	-7.352
Sala á vöru og þjónustu .....	6.954	7.276	-322
Sektir og skaðabætur .....	1.939	1.842	98
Stöðugleikaframlög .....	1.006	89	918
Ýmsar og óskilgreindar tekjur .....	149	2.126	-1.976
<b>Sala eigna</b> .....	<b>1.718</b>	<b>718</b>	<b>999</b>
<b>Tekjur stofnana</b> .....	<b>44.281</b>	<b>23.229</b>	<b>21.052</b>
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>737.999</b>	<b>685.837</b>	<b>52.162</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2017



### Yfirlit 4 – Málefнасvið, kostnaður að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Aætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrri ári	Frávik	Frávik %
<b>Málefнасvið samtals .....</b>	<b>637.029</b>	<b>628.802</b>	<b>8.226</b>	<b>1%</b>	<b>19.673</b>	<b>-11.447</b>	<b>-2%</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	4.094	4.655	-561	-12%	314	-875	-18%
02 Dómstólar .....	2.074	2.145	-72	-3%	0	-72	-3%
03 Æðsta stjórnýsla .....	1.693	1.561	132	8%	96	36	2%
04 Utanríkismál .....	10.711	10.560	151	1%	961	-810	-7%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	11.058	11.642	-584	-5%	1.537	-2.121	-16%
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	2.283	2.395	-113	-5%	125	-238	-9%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	11.479	11.084	395	4%	1.747	-1.352	-11%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	17.174	17.798	-624	-4%	389	-1.013	-6%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	19.181	19.722	-541	-3%	303	-844	-4%
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	13.866	11.150	2.716	24%	47	2.669	24%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	30.772	30.478	293	1%	2.718	-2.425	-7%
12 Landbúnaðarmál .....	13.991	14.025	-34	0%	295	-329	-2%
13 Sjávarútvegur .....	4.156	3.542	614	17%	1.193	-579	-12%
14 Ferðapjónusta .....	1.678	1.457	221	15%	329	-109	-6%
15 Orku- og eldsneytismál .....	2.989	3.207	-218	-7%	68	-286	-9%
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	1.187	1.452	-265	-18%	211	-476	-29%
17 Umhverfismál .....	12.012	11.124	888	8%	3.498	-2.610	-18%
18 Menning og listir .....	8.355	8.781	-426	-5%	534	-961	-10%
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál .....	4.534	4.397	137	3%	11	126	3%
20 Framhaldsskólastig .....	24.589	25.442	-853	-3%	987	-1.840	-7%
21 Háskólastig .....	27.242	29.509	-2.267	-8%	649	-2.916	-10%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála .....	4.003	4.062	-59	-1%	-47	-12	0%

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
23 Sjúkrahúspjónusta .....	67.827	67.822	5	0%	1.511	-1.506	-2%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	37.269	37.083	186	1%	182	4	0%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....	37.029	37.329	-300	-1%	1.480	-1.781	-5%
26 Lyf og lækningavörur .....	17.954	15.407	2.546	17%	0	2.546	17%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	45.843	43.654	2.189	5%	4	2.185	5%
28 Málefni aldraðra .....	61.981	62.008	-27	0%	0	-27	0%
29 Fjölskyldumál .....	26.931	28.133	-1.202	-4%	-244	-958	-3%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	13.925	13.547	378	3%	158	220	2%
31 Húsnæðisstuðningur .....	12.713	12.045	668	6%	475	194	2%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	6.091	5.858	233	4%	142	91	2%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	80.346	75.725	4.621	6%	0	4.621	6%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	0	0	-	0	0	-

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2017



### Yfirlit 5 - Málefнасvið yfirlit 2

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
<b>Málefнасvið samtals .....</b>	<b>396.863</b>	<b>250.750</b>	<b>16.694</b>	<b>25.437</b>	<b>-52.716</b>	<b>637.029</b>	<b>628.802</b>	<b>648.475</b>
1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	3.949	77	0	173	-105	<b>4.094</b>	4.655	4.969
2 Dómstólar .....	2.074	0	0	0	-1	<b>2.074</b>	2.145	2.145
3 Æðsta stjórnarsýsla .....	1.684	35	0	1	-28	<b>1.693</b>	1.561	1.657
4 Utanríkismál .....	7.910	4.212	0	11	-1.421	<b>10.711</b>	10.560	11.521
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	17.562	575	0	877	-7.956	<b>11.058</b>	11.642	13.179
6 Grunnskrár og upplýsingamál .....	3.196	5	0	0	-918	<b>2.283</b>	2.395	2.521
7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.482	1.391	9.504	73	-972	<b>11.479</b>	11.084	12.831
8 Sveitarfélög og byggðamál .....	18	17.156	0	0	0	<b>17.174</b>	17.798	18.187
9 Almanna- og réttaröryggi .....	21.235	563	0	32	-2.649	<b>19.181</b>	19.722	20.025
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála .....	11.155	3.157	21	0	-467	<b>13.866</b>	11.150	11.197
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	8.991	3.191	1.039	19.168	-1.618	<b>30.772</b>	30.478	33.197
12 Landbúnaðarmál .....	1.586	12.763	0	0	-359	<b>13.991</b>	14.025	14.320
13 Sjávarútvegur .....	4.860	373	451	1	-1.528	<b>4.156</b>	3.542	4.735
14 Ferðaþjónusta .....	408	619	657	18	-25	<b>1.678</b>	1.457	1.786
15 Orku- og eldsneytismál .....	604	2.495	0	0	-110	<b>2.989</b>	3.207	3.275
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	3.373	180	0	0	-2.365	<b>1.187</b>	1.452	1.663
17 Umhverfismál .....	9.945	2.872	1.372	663	-2.841	<b>12.012</b>	11.124	14.622
18 Menning og listir .....	6.621	2.937	235	23	-1.461	<b>8.355</b>	8.781	9.315
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál .....	3.645	867	22	0	0	<b>4.534</b>	4.397	4.408
20 Framhaldsskólastig .....	23.815	2.194	0	102	-1.522	<b>24.589</b>	25.442	26.429

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
21 Háskólastig .....	27.360	8.097	0	1.143	-9.358	<b>27.242</b>	29.509	30.158
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarm. ....	2.941	1.565	0	0	-503	<b>4.003</b>	4.062	4.015
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	73.764	2.195	0	1.609	-9.741	<b>67.827</b>	67.822	69.333
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	21.175	18.225	0	1	-2.132	<b>37.269</b>	37.083	37.265
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	37.142	137	88	1.491	-1.829	<b>37.029</b>	37.329	38.809
26 Lyf og lækningavörur .....	6.615	11.339	0	0	-1	<b>17.954</b>	15.407	15.407
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	148	45.705	0	0	-9	<b>45.843</b>	43.654	43.658
28 Málefni aldraðra .....	26	61.963	0	0	-8	<b>61.981</b>	62.008	62.008
29 Fjölskyldumál .....	2.768	24.248	0	2	-87	<b>26.931</b>	28.133	27.889
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	3.596	11.806	0	0	-1.476	<b>13.925</b>	13.547	13.705
31 Húsnæðisstuðningur .....	180	9.179	3.305	49	0	<b>12.713</b>	12.045	12.520
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	6.686	629	0	0	-1.224	<b>6.091</b>	5.858	6.000
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	80.346	0	0	-0	0	<b>80.346</b>	75.725	75.725
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	0	0	0	0	<b>0</b>	0	0

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - nóvember 2017

Yfirlit 6 - Hagraen skipting



Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
<b>Rekstrargjöld .....</b>	<b>396.863</b>	<b>381.398</b>	<b>15.465</b>	<b>388.634</b>	<b>8.229</b>
Laun .....	173.693	164.677	9.017	169.194	4.499
Lífeyrisskuldbindingar .....	16.385	14.732	1.653	14.732	1.653
Afskriftir .....	3.138	4.262	-1.124	4.482	-1.344
Önnur gjöld .....	139.704	136.766	2.938	139.263	440
Fjármagnskostnaður .....	63.942	60.962	2.981	60.962	2.981
<b>Rekstrartilfærslur .....</b>	<b>250.750</b>	<b>247.113</b>	<b>3.637</b>	<b>250.055</b>	<b>695</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	77	54	23	54	23
02 Dómstólar .....	0	6	-6	6	-6
03 Æðsta stjórnýsla .....	35	49	-14	50	-15
04 Utanríkismál .....	4.212	4.316	-104	4.796	-584
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	575	574	1	600	-25
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	5	0	5	0	5
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.391	1.304	87	1.474	-82
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	17.156	17.794	-637	18.182	-1.026
09 Almanna- og réttaröryggi .....	563	356	208	359	204
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	3.157	3.218	-61	3.218	-61
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	3.191	2.334	857	1.878	1.313
12 Landbúnaðarmál .....	12.763	12.843	-80	13.101	-338
13 Sjávarútvegur .....	373	294	79	1.150	-777
14 Ferðaþjónusta .....	619	583	36	546	73
15 Orku- og eldsneytismál .....	2.495	2.644	-149	2.672	-177

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	180	129	51	190	-10
17 Umhverfismál .....	2.872	2.667	206	2.712	160
18 Menning og listir .....	2.937	3.205	-267	3.396	-458
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	867	774	93	776	92
20 Framhaldsskólastig .....	2.194	1.788	406	1.866	328
21 Háskólastig .....	8.097	8.510	-413	8.591	-495
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála .....	1.565	1.506	60	1.560	5
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	2.195	1.788	407	1.951	245
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	18.225	16.477	1.747	16.477	1.747
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	137	-174	311	-9	146
26 Lyf og lækningavörur .....	11.339	10.014	1.325	10.014	1.325
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	45.705	43.429	2.275	43.433	2.272
28 Málefni aldraðra .....	61.963	61.987	-24	61.987	-24
29 Fjölskyldumál .....	24.248	25.364	-1.115	25.618	-1.370
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	11.806	12.049	-243	12.062	-256
31 Húsnæðisstuðningur .....	9.179	10.499	-1.319	10.525	-1.346
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	629	734	-106	821	-192
<b>Fjármagnstilfærslur .....</b>	<b>16.694</b>	<b>14.754</b>	<b>1.941</b>	<b>19.697</b>	<b>-3.003</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	9.504	9.253	251	10.716	-1.211
09 Almanna- og réttaröryggi .....	0	13	-13	13	-13
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála .....	21	0	21	0	21
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	1.039	711	328	1.332	-293

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
13 Sjávarútvegur .....	451	534	-83	624	-173
14 Ferðaþjónusta .....	657	557	100	687	-30
17 Umhverfismál .....	1.372	1.016	356	2.328	-956
18 Menning og listir .....	235	155	80	198	37
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	22	22	-0	22	-0
20 Framhaldsskólastig .....	0	292	-292	292	-292
21 Háskólastig .....	0	0	0	-1	1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	88	824	-737	1.664	-1.576
31 Húsnæðisstuðningur .....	3.305	1.375	1.930	1.823	1.482
<b>Annað .....</b>	<b>25.437</b>	<b>26.093</b>	<b>-655</b>	<b>30.644</b>	<b>-5.207</b>
Fjárfestingarframlög .....	25.437	26.093	-655	30.644	-5.207
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>689.745</b>	<b>669.357</b>	<b>20.387</b>	<b>689.030</b>	<b>714</b>



# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2017



### Yfirlit 7 - Lánayfirlit

	Árslok	Hreyfingar á árinu 2017			Nóvember-
	2016	Tekin/veitt			lok 2017
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
<b>Veitt löng lán, nettó .....</b>	<b>154.683</b>	<b>1.824</b>	<b>-57.146</b>	<b>656</b>	<b>100.017</b>
<b>Veitt löng lán .....</b>	<b>158.516</b>	<b>1.824</b>	<b>-57.146</b>	<b>656</b>	<b>103.849</b>
Veitt lán til Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	0
Veitt lán, önnur .....	158.516	1.824	-57.146	656	103.849
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímakröfur .....</b>	<b>-3.833</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-3.833</b>
<b>Tekin löng lán, nettó .....</b>	<b>-1.064.049</b>	<b>-40.592</b>	<b>253.543</b>	<b>-5.759</b>	<b>-856.857</b>
<b>Tekin löng lán .....</b>	<b>-1.109.145</b>	<b>-40.582</b>	<b>253.543</b>	<b>-5.759</b>	<b>-901.943</b>
Spariskírteini .....	-203.665	-406	669	-3.824	-207.225
Ríkisbréf .....	-624.983	-40.051	118.678	0	-546.356
Seðlabanki Íslands .....	-28.500	0	28.500	0	0
Önnur innlend lán .....	-50.049	-124	3.574	-896	-47.495
Erlend lán .....	-201.949	0	102.121	-1.040	-100.867
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir .....</b>	<b>45.096</b>	<b>-10</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>45.086</b>

1) Eignaaukning eða skuldaminnkun = -